

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Haukdælabraut 94.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinnar nr. 94 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Korngarðar 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 13. október 2022, breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 13 við Korngarða. Í breytingunni felst að legu byggingarreita er breytt ásamt því að breytt er nýtingarhlutfalli fyrir millipalla úr 0,1 í 0,4. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunes, Skemmtigarðurinn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 19. október 2022, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skemmtigarðinn í Gufunesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir/afmarkaðir eru lóðarreitir fyrir þá starfsemi sem nú er til staðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skeljanes 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 20. október 2022, breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðarinnar nr. 2 við Skeljanes. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun hússins fyrir einnar hæðar viðbyggingu, með heimild fyrir þaksvölum við suðvesturenda núverandi húss, setja tvö bílastæði á lóð ásamt niðurrifi núverandi bílskúrs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 9. nóvember 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 10. nóvember 2022